

SAMSTARFSADILAR HVER VIÐ ERUM

Adventures Are Better Shared!

sameinar þrjú samtök frá **Ítalíu**, **Íslandi** og **Svíþjóð** sem búa yfir þekkingu og reynslu á sviði fullorðinsfræðslu, félagslegrar inngildingar og tölvuleikjamenningar.

Close in the Distance — Ítalía

Starfar að fullorðinsfræðslu og félagslegri inngildingu og kannar hvernig nýta megna stafræna menningu og tölvuleiki til náms, vellíðunar og tengslamyndunar.

RÍSÍ — Ísland

Stuðlar að þróun **rafíprótta** og styður við heilbrigt, inngildandi og ábyrgt leikjaumhverfi.

Sverok — Svíþjóð

Sameinar og styður samfélög sem **helga sig tölvuleikjum**, rafípróttum, hlutverkaleikjum, borðspilum og öðrum birtingarmyndum leikjamenningar.

HAFÐU SAMBAND VIÐ OKKUR


 **close_in_the_distance**

 **RÍSÍ**

 **Sverok**

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

Project Code: 2024-1-IT02-KA210-ADU-000246576



Adventures are better shared! A guide for educators and facilitators in videogame education

Gamingway!



Co-funded by
the European Union

VERKEFNASTARF OG AFURÐIR

Starfsemi Adventures Are Better Shared!
mun skila eftirfarandi afurðum:

Frásagnakannanir

Safn **persónulegra** frásagna um reynslu af tölvuleikjum, tengsl og vellíðan.

Playing to Connect

Hagnýt handbók fyrir fullorðinsfræðara um notkun tölvuleikja af almennum markaði til að efla þátttöku, ígrundun og innihaldsrík tengsl.

Fræðslustarf

Vinnustofur á netinu og í staðnámi þar sem tölvuleikir eru kannaðir sem félagsleg rými og verkfæri í fullorðinsfræðslu.

Evrópskur hreyfanleiki, tengslamyndun og miðlun

Þjálfunar- og samstarfsverkefni sem tengja saman samtök frá **Suður- og Norður-Evrópu**, styrkja sameiginlega fræðsluhætti og miðla niðurstöðum verkefnisins með fjöltyngdu efni, stafrænu innihaldi og þátttöku fullorðinsfræðara og tölvuleikjasamfélaga.

MARKMIÐ OG AÐFERÐAFRÆÐI

Adventures Are Better Shared! miðar að því að efla hæfni fullorðinsfræðara til að skilja tölvuleiki sem félagsleg og menningarleg rými sem geta stuðlað að tengslamyndun, þátttöku og vellíðan.

Verkefnið kannar hvernig reynsla af tölvuleikjum getur stutt við innihaldsrík tengsl og nám, um leið og tekist er á við staðalímyndir og bilið sem oft er á milli fræðslustarfs og stafræns hversdagslífs fullorðinna.

Aðferðafræðin sameinar stafræna frásagnarmiðlun, söfnun persónulegrar reynslu, óformlegt nám, alþjóðleg samskipti og hagnýtar æfingar byggðar á tölvuleikjum af almennum markaði. Verkefnið nýtir kunnugleg stafræn umhverfi til að skapa tækifæri til ígrundunar, samtals og sameiginlegs náms.



HVERS VEGNA ÞETTA VERKEFNI?

Tölvuleikir eru hluti af daglegu lífi milljóna fullorðinna, en félagslegt og fræðslulegt gildi þeirra er enn oft vanmetið.

Þótt reynsla af tölvuleikjum geti stuðlað að vináttu, sameiginlegum venjum og tilfinningu um að tilheyra, rata þessir þættir sjaldan inn í fullorðinsfræðslu.

Adventures Are Better Shared! bregst við þessu bili með því að hjálpa fullorðinsfræðurum að skilja tölvuleikjamenningu og nálgast hana á gagnrýnninn hátt.

Verkefnið setur einnig þróað starf samstarfsaðilanna í sameiginlegt evrópskt samhengi, eflir starfshætti þeirra með alþjóðlegum samskiptum og gerir afurðirnar aðgengilegar fullorðinsfræðurum og tölvuleikjasamfélögum um alla Evrópu.

